



S6**evo**



LEIÐBEININGAR

Til hamingju með nýja S6evo™ kerfið

Prep 1 Sækja S6evo appið

Opnið App Store á iPhone síma eða Google Play Store á Android síma og leitið að S6evo. Hlaðið appinu niður og setjið upp á símanum.

Prep 2 Kveikja á S6evo SmartBox

Fjarlægið bakplötuna á S6evo SmartBox. Smellið hnappinum á **ON**. Setjið bakplötuna aftur á og bíðið eftir að SmartBox ræsi sig. Það gæti tekið um 45 sekúndur. SmartBoxið hefur lokið ræsingu þegar hljóðmerki heyrst og merkið á framhlíðinni byrjar að blikka.

Ef merkið byrjar ekki að blikka sjálfkrafa þrystið þá á NETWORK hnappinn á bakhlið SmartBox í 3 sekúndur til að setja búnaðinn í tengiham.



Prep 3 Tengja S6evo SmartBox við þráðlaust net (WiFi).

⚠ ATH! Síminn þarf að vera tengdur við internet, annaðhvort í gegnum WiFi eða 3G/4G

Opnið S6evo appið.

Smellið á **Add a new SmartBox**.

Smellið á **Quick Setup**.

Farið í WiFi stillingar á símanum og tengist

„SíkkertHjem_S6evo_xxxxxx” netinu. Sjálfgefið lykilorð er 1234567890.

Farið aftur í S6evo appið.

Veljið það þráðlausa net sem þið viljið að SmartBox tengist.

Sláið inn lykilorðið fyrir það þráðlausa net sem valið var, staðfestið í næsta reit og smellið á **Confirm**.

SmartBox mun nú tengjast þráðlausa netinu. Þetta ferli gæti tekið nokkrar mínútur. Ekki loka appinum meðan á því stendur.

Prep 4 Setja inn SmartPad PIN númer

Þegar SmartBox hefur tengst þráðlausa netinu kemur upp staðfestingar skjár. Smellið á **Next**. Veljið 4 stafa PIN númer fyrir SmartPad. Smellið á **Next**. Sláið inn PIN númerið aftur og smellið á **Confirm**.

Gefið S6evo kerfinu nafn. T.d. „Heimavörn”

Smellið á **All done! Let's get going**